

Úr nýlegum sænskum blaðadómum:

„Samhentur og tilfinningaþrunginn leikur. Fyrsta flokks tónleikar voru haldnir með Trio Nordica . . . Fyrst á dagskrá var Píanótrío í a-moll eftir Ravel. Strax í upphafi sýndi tríóið samhentan og tilfinningaþrunginn leik sem kom sérstaklega vel fram í hinum líflega og hugmyndaþríka öðrum þætti, Pantoum. Spenna og tilfinningahiti einkenndi allt verkið og hinir impressionisku tónalitir komu vel fram. . Fín hljómræn aðlögun einkenndi einnig Píanótrío í Es-dúr eftir Beethoven. Andstæðurnar milli sérkenna og tilfinninga hinna ólíku þátta komu skýrt fram . . . Píanótrío í e-moll eftir Schostakovich hófst á vel útfærðu flaututónaspili hjá sellóinu sem smám saman þróaðist yfir í tjáningarfyllri leik. Það var mikil einbeiting og þéttleiki í túlkuninni á tríói Schostakovich, oddbeittur og þrunginn leikur í hinum hraða allegro-þætti og mögnuð íhugun í largo-þættinum. . . Í loka-kaflanum sýndu allir meðlimir tríósins gneistandi líf í einleiksköflum sínum og hið lýsandi samspil sýndi ef til vill allra best hina miklu tilfinningu þeirra fyrir tónlistinni og hina listrænu ögun hjá Trio Nordica.“

Reidar Sunnarstam NT 04.09.1995

„Frábært píanótrío . . . Trio Nordica hefur nú gefið út geisladisk sem umfram allt er sérlega heilsteyptur með hlýjum og samstilltum hljómi . . . Verkefnaval á disknum er einnig mjög gott . . . Ekki er annað hægt að segja en að Trio Nordica hafi yfir að búa miklum rómantískum tilþrifum og innlifun í spilamennsku“

Hans Wolf Dagens Nyheter 11.10.1995

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

# Trio Nordica

í

## Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Þriðjudaginn 2. júlí 1996 kl. 20:30

**Auður Hafsteinsdóttir** er fædd árið 1965 í Reykjavík. Auður hefur komið fram víða sem einleikari og í kammermúsík á alþjóðlegum vettvangi, meðal annars í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Kína. Árið 1985 hlaut hún verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á hinni alþjóðlegu tónlistarhátíð í Tanglewood og 1988 hlaut hún fyrstu verðlaun í The Schubert Club music competition. Árið 1991 var hún valin borgarlistamaður Reykjavíkurborgar til þriggja ára.

**Bryndís Halla Gylfadóttir** fæddist árið 1964. Hún hefur komið fram sem einleikari og kammermúsikant í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og Japan. Hún tekur reglulega upp fyrir útvarp og sjónvarp. Árið 1992 hlaut hún fyrstu verðlaun í Tónvakakeppni Ríkisútvarpsins, og árið 1993 voru henni úthlutað listamannalaun til þriggja ára frá Menntamálaráðuneytinu.

**Mona Sandström** er fædd árið 1966 í Svíþjóð. Hún kom fyrst fram sem einleikari með Norrköping Sinfóníuhljómsveitinni tólf ára gömul og hefur síðan leikið sem einleikari og kammermúsikant víða í Evrópu. Árið 1987 lauk hún einleikaraprófi með hæstu einkunn frá Síbelíusar Akadémíunni í Helsinki. Hún hefur leikið með mörgum af helstu hljómsveitum í Svíþjóð og hefur ósjaldan leikið í útvarpi og sjónvarpi ásamt því að gera ýmsar upptökur.

Trio Nordica var stofnað árið 1993 og hefur þegar leikið víðs vegar um Evrópu og í Bandaríkjunum við frábærar undirtektir. Nýlega var gefinn út geisladiskur með leik þremmenninganna, sem hefur hlotið lof, meðal annars sænskra gagnrýnenda, en þar voru þær nýverið í tónleikaferð. Tríoíð hlaut menningarstyrk VISA árið 1994.

### *Efnisskrá*

Joseph Haydn  
(1732 - 1809)

Píanótrío í g-moll Hob. xv:19  
Andante  
Adagio ma non troppo  
Presto

Þórður Magnússon  
(f. 1973)

Píanótrío (1995)

Johannes Brahms  
(1835 - 1897)

Píanótrío nr. 2 í C-dúr op. 87  
Allegro  
Andante con moto  
Scherzo, presto  
Finale, Allegro giocoso